

eru margir hinna beztu manna á Íslandi, og ætti það mál að fá góðar undirtektir og vinnast mótsóknar lítið. Þjóðræði og ríkiskyrkja er líka mótsögn er ekki fær staðist. Álpýðuskólamálið ætti og að eiga góða framtíð undir stjórn hans. Margir stuðningsmenn hans hafa mikið ritað um það mál, þó breytingu mætti gjöra við sumar þær tillögur, er ekki fáru ver, og sérstaklega við tillögur þær, er gjöra ráð fyrir trúarbragðakennslu í barnaskólanum.

Pá má og ætla að ríkisréttinda krafan verði ekki niðurfelld og verður nú bæði vonast og krafist, að það mál fái fullnægjandi úrslit. Auðvitað verður ekki vandalaust að halda áfram stjórn-málabaráttu Íslands, og koma öllu svo fyrir, að allir verði á-nægðir, enda erfitt að kveða niður það gjörningaveður illinda og ósamlyndis, er komið hefir verið af stað. Ill orð hafa verið úti látin og ill orð tekin inn. Brigzlanir frá báðum hliðum, er alls ekki hefði átt að hugsast hvað þá segjast. Ráðherrastaðan verður ekki vandaminni nú, fyrir að í henni stóð kjörinn maður áður, og til þess það sjáist, að verið scó að halda áfram, sækja fram, má skamt líða stórra afreka á milli. Og til þess verða flestir að treysta Skúla, fram yfir alla aðra, er með nokkrum líkum gæti verið kjörnir stjórnarformenn.

Mörgum illyrðum var kastað í garð Ráðherrans, og mörgum illyrðum hefir verið kastað í garð Skúla, og flest frá þeim er hvoruganmanninn þekktu, né málefni þau, er þeir hafa lagt fram krafta sína fyrir. Málefni, er að yfirboiðinu virðast að ýmsu ólík, en þó í rauninni eru öll hin sömu, velferðarmál lands og þjóðar, eftir því sem hver fær þau skilið. Bádir vilja landið fram, svo að næsta kynslóð skuli ekki þurfa að kvarta um að „hermenn vorgróðurs Íslands“ „kúri í þessari möl, allir til ónýtis dauðir.“ .

Það væri þörf á, að siða ögn stjórmáladeilur þjóðarinnar, hvort sem haegt er að telja það til verkefna næstu stjórnar eða ekki. Vér vitum að menn reka upp stór augu og spyrja, hvað sú kristilega-siðfræðis-umvöndun skuli þýða. Eins og það sé ekki algengt, meðal allra siðaðra þjóða, að beita öllum vopnum við kosningar. Það má vera, en það hafa sjaldan verið jafn